GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
ÓLAFSVÍK - HELLISSANDUR - LÝSUHÓLSSKÓLI

Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2018 - 2019

Innihald

Megin niðurstöður 2
Inngangur 3
Um GSnb 4
Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats 5
Sjálfsmat 2018-2019 7
Viðmið um gæði í skólastarfi 7
1. Nám og kennsla 7
2. Mannauður 8
3. Stjórnun og skipulag 9
4. Velferð og líðan nemenda. 11
Mat á umbótaáætlun 2018 - 2019 13
Viðmiði um gæði skólastarfs 2018 - 2019 13
Umbótaáætlun 2019 – 2020 15
Lokaorð 17
Heimildir 18
Fylgiskjal 1: Viðmið um gæði í skólastarfi 19
Fylgiskjal 2: Langtímaáætlun um innra mat 20

Megin niðurstöður

Í heildina má segja að niðurstöður matsins séu mjög jákvæðar fyrir skólann. Af 10 þáttum sem voru metnir komu átta þættir mjög vel út þar sem meðaltalið var yfir fjórum og flestir eða allir undirþættir þeirra þátta sterkir. Telst það mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Hinir tveir þættirnir hafa fleiri styrkleika en veikleika. Það telst gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Skólinn getur vel við unað en alltaf má gera betur og gera gott starf enn betra. Fram koma þættir þar sem hægt er að gera enn betur og koma þeir fram í umbótaáætluninni.

Viðfangsefni

1. Nám og kennsla:	
1.1 Inntak, árangur og framfarir	4,1
1.2 Skipulag náms og námsumhverfi	3,9
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu	3,7
2. Mannauður:	
2.1 Fagmennska starfsfólks	4
3. Stjórnun og skipulag:	
3.2 Stjórnun skólans	4,5
3.4 Skólaþróun og starfsþróun	4,1
3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	4,5
4. Skólabragur:	
4.1 Viðmót og menning	4,5
4.2 Velferð og líðan nemenda	4
4.3 Samstarf heimila og skóla	4,7

Meðaltal 4,2

Inngangur

Tilgangurinn með sjálfsmati skóla er fyrst og fremst vera umbótamiðað, þ.e. greina stöðuna, finna hvað vel er gert og hvað má betur fara, vinna áætlun um úrbætur og hrinda henni í framkvæmd.

Samkvæmt greinum 35 og 36 í Lögum um grunnskóla frá 2008, ber öllum grunnskólum að framkvæma innra mat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra matið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólans.

Samkvæmt 5., 6. og 37. greinum grunnskólalaga er það í verkahring sveitarstjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þær upplýsa ráðuneytið um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið, sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni, eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Sjálfsmatsskýrslan sem nú lítur dagsins ljós er sú þriðja í röðinni sem byggð er á líkani sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út árið 2012. Líkanið er kynnt í bæklingnum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*.

Við erum leitandi og erum að feta okkar leið, átta okkur á því hvernig við viljum haga matinu. Það ber að taka skýrsluna sem slíka. Ákveðnir hlutir í henni mega betur fara og við erum meðvituð um þá, s.s. samsetning matshópsins og einhæfar matsleiðir. Þá viljum við flétta matið inn í daglegt starf og taka einn til tvo þætti í hverjum mánuði.

Um GSnb

Grunnskóli Snæfellsbæjar var stofnaður árið 2004.

Það ár voru Grunnskólinn á Hellissandi og Grunnskólinn í Ólafsvík lagðir niður og stofnaður skóli fyrir þéttbýliskjarna Snæfellsbæjar norðan Fróðárheiðar (Hellissand, Ólafsvík og Rif). Árið eftir bættist Lýsuhólsskóli við sem starfsstöð skólans þegar sá skóli var lagður niður sem sjálfstæð stofnun. Síðan þá hafa allir grunnskólar Snæfellsbæjar starfað undir sama merki.

Skólaárið 2018 - 2019 voru skráðir 248 nemendur við skólann, þar af voru 18 nemendur í Lýsuhólsskóla í 1.-10. bekk og 9 í leikskóladeildinni, 80 nemendur voru á Hellissandi í 1.-3. bekk og 141 nemannd í Ólafsvík í 4.-10. bekk. Starfsfólk skólans var 65 talsins, þar af 36 kennarar og stjórnendur og 29 almennir starfsmenn.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Við sjálfmat skólans styðjumst við líkan sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út árið 2012. Líkan þetta er kynnt í bæklinginum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Við úttekt á skólastarfi styðjast ráðgjafar ráðuneytisins við þennan bækling. Í bæklingnum kemur fram að:

> „Viðmiðin sem hér fara á eftir, eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, s.s. frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.“

Viðmiðin eru flokkuð í 5 yfirþætti sem eru svo flokkaðir í 18 undirþætti (sjá fylgiskjal 1). Kosturinn við að fara þess leið voru að okkar mati að gott væri að styðjast við sömu þætti í matinu og metnir eru í ytra matinu, bæði þar sem skólinn er nýlega búinn að vera í slíku mati (sjá http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=1AC247250AFE22D800257F00003178BC&action=openDocument) og mun væntanlega innan skamms tíma fara í gegnum slíkt mat aftur. Þannig sjáum við fyrir okkur að við getum stuðst við ytra mats skýrsluna og erum vel undirbúin að vera tekin út þegar röðin kemur að okkur aftur.

Matshópur skólans þetta skólaár samanstóð af stjórnendum skólans, þ.e. Hilmari Má Arasyni, skólastjóra, Elfu Ármannsdóttur, aðstoðarskólastjóra, V. Lilju Stefánsdóttur, deildarstjóra, Rósu Erlendsdóttur, deildarstjóra, Margréti Gróu Helgadóttur, verkefnastjóra, Katrínu Elísdóttur, verkefnastjóra, Kristjönu Árnadóttur, ritara og Hugrúnu Elísdóttur, verkefnastjóra.

Þeir þættir sem voru metnir á þessu skólaári voru (sjá nánar fylgiskjal 2):

Viðfangsefni

1. Nám og kennsla:
    - 1.1 Inntak, árangur og framfarir
    - 1.2 Skipulag náms og námsumhverfi
    - 1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu
2. Mannauður:
    - 2.1 Fagmennska starfsfólks
3. Stjórnun og skipulag:
    - 3.2 Stjórnun skólans
    - 3.4 Skólaþróun og starfsþróun
    - 3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur
4. Skólabragur:
    - 4.1 Viðmót og menning
    - 4.2 Velferð og líðan nemenda
    - 4.3 Samstarf heimila og skóla

Við styðjumst við kvarða ráðuneytisins en löguðum hann að okkar aðstæðum:

D → 1,0-1,9 = rautt – mikil umbótaþörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
C → 2,0-2,9 = gult – meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.
B → 3,0-3,9 = ljósgrænt – meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
A → 4,0-5,0 = grænt – flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Sjálfsmat 2018-2019

Í þessum kafla er að finna niðurstöður úr innra mati skólans, úr þeim þáttum sem metnir voru.

Viðmið um gæði í skólastarfi

1. Nám og kennsla

Metnir voru þrír undirþættir í þetta sinn. Niðurstöður voru eftirfarandi:

1. Nám og kennsla:	
1.1 Inntak, árangur og framfarir	4,1
1.2 Skipulag náms og námsumhverfi	3,9
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu	3,7

1.1. Inntak, árangur og framfarir

Árangur nemenda í hvers kyns viðburðum og keppnum er tilkynntur á heimasíðu og Fréttabréfi skólans. Þá er þeirra getið í Bæjarblaði og Skessuhorni þegar það á við.

Skólanámskrá skólans er skýrt fram sett og birt á heimasíðu. Hún er sett upp samkvæmt fyrirmælum Aðalnámskrár. Grunnþáttum eru gerð góð skil í skólanámskránni.

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa eru greindar og gerðar eru viðeigandi ráðstafanir til að styðja og styrkja nemendur. Sama fyrirkomulag er viðhaft um annað námsmat til að efla árangur nemenda.

Styrkleikar:

- ✓ Skólanámskrá skólans er skýrt fram sett og birt á heimasíðu.
- ✓ Áherslur sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda.
- ✓ Unnið er markvisst með niðurstöður samræmdra könnunarprófa.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Uppfæra þarf skólanámskrá árlega og kynna fyrir starfsfólki. Kanna þarf hvort kennarar þekki viðfangsefni skólanámskrá og vinni eftir þeim áherslum sem þar koma fram.

1.2 Skipulag náms og námsumhverfi

Skólinn er í virku samstarfi við leikskólann og Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN). Unnin var sameiginleg stefna grunnskólanna á Snæfellsnesi og FSN sem tekur til samstarfs á víðum grunni og unnið er eftir. Samstarfs við leikskólann er líka getið í skólanámskrá og tekur það til heimsókna leikskólabarna í skólann og tveggja daga vorskóla.

Nemendasamtöl eru reglulega, minnst tvö á ári, þar sem umsjónarkennari ræðir skipulega við hvern nemanda sinn um nám og líðan. Unnin er viðhalds- og búnaðaráætlun fyrir skólann, við samningu hennar er hlustað eftir röddum starfsfólks með það að markmiði að bæta aðstæður nemenda og starfsfólks til náms og kennslu.

Styrkleikar:

- ✓ Gott samstarf við leik- og framhaldsskóla.
- ✓ Nemendum er kynnt hvaða námsbrautir eru í boði í framhaldsskólum.
- ✓ Nemendasamtöl eru reglulega, minnst tvö á ári.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.

1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu

Í skólanum er lögð áhersla á teymisvinnu og teymiskennslu starfsfólks. Hafa þessar áherslur reynst farsælar og skapað frjóan farveg um faglegt starf og umræður meðal starfsfólks. Fimman eða Daily 5 hefur „sprottið“ upp úr þessum jarðvegi og þá fyrst og fremst í íslensku þar sem þessi kennalsuaðferð hefur sýnt að hún ýti undir sjálfstæð vinnubrögð og gleði í kennslu

Styrkleikar:

- ✓ Fjölbreyttir kennsluhættir sjást í vettvangsathugunum og í námsaðstæðum nemenda.
- ✓ Kennarar bera að öllu jöfnu ábyrgð á hópaskiptingu nemenda.
- ✓ Samvinna og samstarf nemenda er markvisst notað til náms og kennslu.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Kennarar skipuleggi kennslu sína meira með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda.
- ✓ Námsmat þarf í meira mæli að vera fjölbreytt, tengist markmiðum náms, hæfniviðmiðum og taka mið af kennsluháttum.

2. Mannauður

Einungis var metinn einn undiþáttur, þ.e. fagmennska starfsfólks

2. Mannauður:	
2.1 Fagmennska starfsfólks	4

2.1 Fagmennska starfsfólks

Þennan þátt í mátu kennarar á kennarafundi um miðjan mars.

Í matinu kom fram að stuðningur er að jafnaði veittur inni í bekk/námshópi nemenda, skólinn er vel mannaður af vel menntuðu og hæfu starfsfólki. Einnig kom fram að allir nemendur hafa sömu tækifæri til þátttöku í ferðum og viðburðum á vegum skólans, t.d. var á þessu ári hætt að rukka fyrir skólaferðir í skólabúðir, að Reykjum og Laugum. Það er mat kennara að þekking þeirra á fjölbreyttum og sveigjanlegum kennsluháttum sé sýnileg í starfinu.

Styrkleikar:

- ✓ Stuðningur er að jafnaði veittur inn í bekk.
- ✓ Allir nemendur hafa sömu tækifæri til þátttöku í ferðum og viðburðum á vegum skólans.
- ✓ Nemendur hafa sömu tækifæri til þátttöku í ferðum og viðburðum skólans.
- ✓ Þekking kennara á fjölbreyttum og sveigjanlegum kennsluháttum sé sýnileg í starfinu.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Mat á námi nemenda með sérþarfir byggi á hæfniviðmiðum sem sett eru fram í einstaklingsnámskrá.

3. Stjórnun og skipulag

Í þessum kafla voru þrír þættir metnir sem sneru að stjórnun skólans, skólaþróun og skólanámskrá.

3. Stjórnun og skipulag:	
3.2 Stjórnun skólans	4,5
3.4 Skólaþróun og starfsþróun	4,1
3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	4,5

3.2 Stjórnun skólans

Í faglegu starfi skólans er lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í öllum þáttum skólastarfsins. Þá eru jákvæð samskipti, gagnkvæmt traust og virðing höfð að leiðarljósi í teymisvinnu. Fundarskipulag og fundargerðir eru gagnsæjar og aðgengilegar starfsfólki. Teymiskennsla eykur þverfaglegan þátt og stuðlar að kennslufræðilegri fjölbreytni. Samstarf er við önnur skólastig og grenndarsamfélagið.

Styrkleikar:

- ✓ Fréttabréf gefið út reglulega og frétti í héraðsblaðinu Jökli.
- ✓ Fundarskipulag og fundargerðir aðgengileg.
- ✓ Aukin teymisvinna.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Stjórnendur þurf að vera sýnilegri og veita meiri endurgjöf til starfsmanna.

3.4 Skólaþróun og starfsþróun

Þróunar- og/eða umbótaáætlun er unnin á hverju skólaári í tengslum við sjálfsmat skólans. Þær er hægt að nálgast á heimasíðu skólans, á sama tengli og kaflinn um sjálfsmat. Skólastjórnendur eru ábyrgir fyrir sjálfsmati skólans og þróunar- og/eða umbótaáætlun. Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi. Samræmi á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla mætti vera með markvissari hætti og vera sýnilegri.

Styrkleikar:

- ✓ Þróunar- og/eða umbótaáætlun er unnin á hverju skólaári í tengslum við sjálfsmat skólans. Þær er hægt að nálgast á heimasíðu skólans, á sama tengli og kaflinn um sjálfsmat.
- ✓ Skólastjórnendur eru ábyrgir fyrir sjálfsmati skólans og þróunar- og/eða umbótaáætlun.
- ✓ Símenntun kennara miðar að því að efla þá í starfi.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Samræmi á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla mætti vera með markvissari hætti og vera sýnilegri.

3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

Skóladagur nemenda

Séð er til þess að skóladagur nemenda sé heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við mínútufjölda sem tilgreindur er í viðmiðunarstundaskrá. Stundatöflur eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga með eðlilegum hléum miðað við aldur og þroska nemenda. Reynt er að nýta sveigjanleika viðmiðunarstundaskrár eftir föngum og er t.d. greina- og stoðkennsla skipulögð þvert á árganga. Sveigjanleikinn er nýttur Í átthagafræðiverkefnum og í hringekjum sem einnig tengjast valgreinum nemenda. Fjölbreytni í valgreinum mætti vera meiri en skólinn kemur til móts við nemendur og metur nám utan skólans, s.s. tónlistarnám og þátttöku í atvinnu- og félagslífi, til valgreina sé þess óskað.

Styrkleikar:

- ✓ Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- ✓ Frímínútur, hvíld og útivist eru skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Auka fjölbreytni í valgreinum sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á náms- og áhugasviðum.

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá Grunnskóla Snæfellsbæjar uppfyllir að flestu leyti þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Starfsáætlun uppfyllir þau skilyrði að öllu leyti. Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma skólans.

Allar upplýsingar úr skólanámskrá og starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans bæði í heildstæðum skjölum og í felligluggum fyrir einstök atriði. Stjórnendur skólans hafa forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár og öllum hagsmunaaðilum er gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans og er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til umsagnar.

Styrkleikar:

- ✓ Skólanámskrá og starfsáætlun eru aðgengilegar og upplýsandi um flesta þætti skólastarfsins.
- ✓ Skólastjórnendur hafa forgöngu um endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar og hagsmunaaðilum gefst kostur á að taka þátt í uppfærslu.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Kynna stefnu skólans, eins og hún birtist í skólanámskrá, betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.

Verklagsreglur og áætlanir

Leitast er við að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag og skilgreining þar að lútandi kemur fram í skólanámskrá. Skólareglur liggja fyrir og bekkjareglur eru sýnilegar í skólastofum. Við gerð skólareglna og viðbragða við agabrotum er farið eftir ákvæðum í reglugerð og nemendur og

starfsfólk taka þátt í að móta skólareglur. Forvarnaráætlanir liggja fyrir og þeim er fylgt eftir eftir því sem við á. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir áætlun Olweusar í eineltismálum.

Ráðinn var fagaðili til að vinna eftir áætlunum um kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á námsaðstoð að halda. Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur, nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur með sérþarfir er að finna í skólanámskrá.

Styrkleikar:

- ✓ Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirk og allir aðilar skólasamfélagsins þekkja þau.
- ✓ Mikið er lagt upp úr samstarfi og samvinnu allra í skólanum, nemenda og starfsfólks.
- ✓ Ráðinn var verkefnastjóri til að útfæra áætlanir um sérkennslu og stuðning og sjá um skimanir fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Ljúka við að semja starfsmannastefnu. Hún verði í starfsmannahandbók sem er á vef og öllum aðgengileg.

4. Velferð og líðan nemenda.

Að þessu sinni voru metnir þrír þættir undir þessum þætti. Samin voru matsviðmið um undirþáttinn Viðmót og menningu sem sleppt var á síðasta skólaári. Við þá vinnu var stuðst við gögn frá Reykjavíkurborg

4. Skólabragur:	
4.1 Viðmót og menning	4,5
4.2 Velferð og líðan nemenda	4
4.3 Samstarf heimila og skóla	4,7

4.1. Viðmót og menning

Á þessu skólaári var haldið skólaþing. Þingið var vel sótt, yfir 80 manns mættu, fólk á öllum aldri úr öllu sveitarfélaginu. Útgangspunktur þingsins var spurningin: „Hvaða eiginleikum og hæfni viljum við að nemendur sem útskrifast úr Grunnskóla Snæfellsbæjar búi yfir?“ Að byggja upp persónulegan styrk og rækta jákvæð viðhorf var það sem skiptir mestu máli samkvæmt þátttakendum.

Styrkleikar:

- ✓ Sameiginleg sýn um skóla hefur verið mótuð í samvinnu og samræðu starfsfólks, foreldra og nemenda.
- ✓ Stefna skólans endurspeglar sýn um skóla án aðgreiningar.
- ✓ Í skólanum ríkir gagnkvæm virðing milli starfsfólks, nemenda og foreldra.

Tækifæri til umbóta:

- ✓ Hvetja þarf nemendur enn frekar til að bæta árangur sinn.

4.2. Velferð og líðan nemenda

Í skólanámskrá er stefna um velferð og umhyggju fyrir nemendum. Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu til þess að ræða líðan, námsárangur og markmið nemenda. Hjúkrunarfræðingur, lausnaleitarteymi og nemendaverndarráð taka til skoðunar og umfjöllunar þau mál sem upp koma. GSNB er heilsueflandi skóli. Við fylgjum áætlun Olweusar og Zippý varðandi samskipti nemenda, ásamt móttökuáætlun þegar nýir nemendur hefja nám við skólann. GSNB er í góðu samstarfi við FSSF, heilsugæsluna og aðra stoðaðila skólans. Náms- og starfsráðgjafi kemur reglulega í skólann.

Styrkleikar:

- ✓ Fylgst með líðan nemenda með könnunum og einstaklingsviðtölum.
- ✓ Bekkjarfundir, einstaklingssamtöl, foreldra- og nemendasamtöl, fundur skólastjóra með nemendum. Nemendaráð á fulltrúa í skólaráði.
- ✓ Olweusaráætlun, Zippý og vinaliðaverkefnið vinna að góðum samskiptum milli nemenda.
- ✓ Fylgt er vel eftir þegar nemendur flytjast á milli skóla eða skólastiga.

Tækifæri til úrbóta:

- ✓ Hvetja nemendur enn frekar til þess að sýna umburðarlyndi og þróa hæfni sína í mannlegum samskiptum.

4.3. Samstarf heimila og skóla

Við skólann eru starfandi tvö foreldrafélög og skólaráð. Þessi félög og ráð sinna sínum lögbundnum skyldum, m.a. fundar skólaráðið relgulega og foreldrafélögin koma að skipulagi og framkvæmd margra viðburða í skólastarfinu.

Styrkleikar:

- ✓ Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, skólahald og skólaþróun eru lagðar fyrir skólaráð til umsagnar.
- ✓ Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- ✓ Fundaraðstaða er fyrir foreldra að hittast í skólanum að höfðu samráði við stjórnendur.

Tækifæri til úrbóta:

- ✓ Kynna námsmarkmið og leiðir til að ná þeim kynninarfundum og í fréttum frá skólanum.

Mat á umbótaáætlun 2018 - 2019

Umbótaáætlun skólaársins 2017 – 2018 tók til 11 þátta. Tveimur þáttum er að fullu lokið, sex þættir eru komnir mjög vel á veg, hafin er vinna við einn þátt og tveimur þáttum er ekki byrjað að vinna að.

Í umbótaáætlun næsta skólaárs verður haldið áfram þeirri vinnu sem hafin var í þessari.

Viðmiði um gæði skólastarfs 2018 - 2019

Umbótaþættir	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar
1.1. Kynna þarf fyrir nemendum og foreldrum námsvísa /kennslulotur sem settar eru upp í Mentor.	Kynna á fundum, með fréttabréfum og á heimasíðu.	Lögð verði áhersla á þennan þátt skólaárið 2018-2019	Kennarar og stjórnendur
1.2. Gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.	Semja kafla í skólanámskrá.	Haust 2018	Stjórnendur
1.3. Kennarar skipuleggja kennslu með tilliti til námsmarkmiða og þarfa nemenda.	Kennarar setji sér skýr markmið í kennslu með tilliti til þarfa nemenda og þau gerð sýnileg með einstaklingsnámskrá.	Skólaárið 2018 – 2019	Skólastjórnendur og kennarar
1.4. Nemendur bera vaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni og eigin námsaðferðir.	Efla ábyrgðarkennd nemenda og auka val þeirra við lausn verkefna.	Skólaárið 2018 – 2019	Skólastjórnendur og kennarar
2.2. Heilsuefling starfsmanna.	Kafli í starfsmannastefnu skólans snúi að heilsueflingu starfsfólks.	Skólaárið 2018 – 2019	Skólastjórnendur
3.5. Leiðir til að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag eru mótaðar og farið er eftir þeim.	Starfsmannastefna samin. Halda námskeið um samskipti og vellíðan á vinnustað. Auka samstaf á milli STAGS og stjórnenda.	Alltaf	Skólastjórnendur
3.5. Kynna stefnu skólans, eins og hún birtist í skólanámskrá, betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.	Standa fyrir skólaþingi þar sem stefna skólans er endurskoðuð og allir úr skólasamfélaginu komi að þeirri vinnu.	Skólaárið 2018 – 2019	Skólastjórnendur og starfsfólk

Umbótaþættir	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar
4.2. Auka áherslu á námstækni og tímastjórnun.	Unnin verður áætlun um í hvaða bekkjum námsráðgjafi kynni námstækni og tímastjórnun fyrir nemendum.	Haust 2018	Námsráðgjafi, stjórnendur og umsjónarkennarar
5.1. Öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.	Semja mælanleg markmið í skólanámskrá og meta þau.	Skólaárið 2018 – 2019	Stjórnendur
5.1. Hagsmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs).	Virkja skólaráðið í þátttöku í sjálfsmatinu, leggja sérstaka áherslu á fulltrúa nemenda. Funda með nemendaráði.	Skólaárið 2018 – 2019	Stjórnendur
5.1. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.	Auka fjölbreytni við öflun gagna í matinu.	Skólaárið 2018 – 2019	Stjórnendur

Umbótaáætlun 2019 – 2020

Umbótaáætlun þessa skólaárs snýr að fimm yfirþáttum, þ.e. námi og kennslu, mannauði, stjórnun og skipulagi, skólabrag og innra mati. Undirþættirnir voru tíu.

Umbótaþættir	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar
1.1. Uppfæra skólanámskrá árlega að hausti og kynna fyrir starfsfólki..	Kynna á fundum, með fréttabréfum og á heimasíðu.	Haust 2019	Kennarar og stjórnendur
1.2. Gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.	Semja kafla í skólanámskrá.	Haust 2019	Stjórnendur
1.3. Nemendur beri vaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni og eigin námsaðferðir.	Fimman í 1.-7. Bekk, val, hringekjur og verkefnatímar eiga að tryggja þetta	Skólaárið 2019 – 2020	Skólastjórnendur og kennarar
2.1. Mat á námi nemenda með sérþarfir byggi á hæfniviðmiðum sem sett eru fram í einstaklingsnámskrá.	Einstaklingsnámskrár verði þar sem hæfniðviðmið sem nemendur vinna að verða tilgreind.	Skólaárið 2019 – 2020	Skólastjórnendur
3.2.Stjórnendur þurf að vera sýnilegri og veita meiri endurgjöf til starfsmanna.	Komið verði á virkum heimsóknum stjórnenda á vettvang og fagleg umræða verði í kjölfarið.	Alltaf	Skólastjórnendur
3.4. Samræmi á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar skóla mætti vera með markvissari hætti og vera sýnilegri	Samin verðu símenntunaráætlun fyrir skólaárið 2019-2020 sem byggir á úrbótaáætlun skólans.	Skólaárið 2019 – 2020	Skólastjórnendur.
3.5. Kynna stefnu skólans, eins og hún birtist í skólanámskrá, betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.	Endurskoða skólanámskránna reglulega, kynna betur á fundum og í fréttum	Haust 2019 - 2020.	Námsráðgjafi, stjórnendur og umsjónarkennarar

Umbótaþættir	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar
3.5. Ljúka við að semja starfsmannastefnu. Hún verði í starfsmannahandbók sem er á vef og öllum aðgengileg.	Komin vel af stað nú þarf bara að ljúka þessu verki.	Skólaárið 2019 – 2020	Stjórnendur
4.1. Hvetja þarf nemendur enn frekar til að bæta árangur sinn.	Við stefnum að því að breyta kennsluháttum í þá átt að efla sjálfstæði og metnaði nemenda, verður það gert með innleiðingu Fimmunar, aukinni þemakennslu í 8.-10. bekk og verkefnatímum í unglingadeild.	Skólaárið 2018 – 2019	Stjórnendur
4.1. Mismunandi uppruna og menningu nemenda sé gefin meiri gaumur. Hver og einn geti verið stolltur af uppruna sínum og sérstöðu.	Staðið verður fyrir menningarmóti í október 2019	Október 2019	Stjórnendur
4.2. Hvetja nemendur enn frekar til þess að sýna umburðarlyndi og þróa hæfni sína í mannlegum samskiptum.	KVAN fer í vinnu með tvo árganga í haust um bættan bekkjaranda og líðan. Þau verða með örnámskeið fyrir starfsfólk	Skólaárið 2019 – 2020	Stjórnendur

Lokaorð

Þetta er þriðja sjálfsmatsskýrslan sem unnin er eftir þessu líkani. Hún er byggð upp á svipaðan hátt og hinar tvær. Hún tekur til valdra þátta sem snúa að viðmiðum um gæði skólastarfs og mati á umbótaáætlun síðasta skólaárs.

Í heildina má segja að niðurstöður matsins séu mjög jákvæðar fyrir skólann. Af 10 þáttum sem voru metnir komu átta þættir mjög vel út þar sem meðaltalið var yfir fjórum og flestir eða allir undirþættir þeirra þátta sterkir. Telst það mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu á gæðastarfi. Hinir tveir þættirnir hafa fleiri styrkleika en veikleika. Það telst gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Skólinn getur vel við unað en alltaf má gera betur og gera gott starf enn betra. Fram koma þættir þar sem hægt er að gera enn betur og koma þeir fram í umbótaáætluninni.

Skýrslan sem hér lítur dagsins ljó er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat var lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt varr að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Matið gerir skólum kleift að kynnast starfi sínu vel og að finna bestu leiðirnar til umbóta fyrir nemendur. Unnið er út frá eftirfarandi spurningum:

- ✓ Hversu vel stöndum við okkur?
- ✓ Hvernig vitum við það?
- ✓ Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- ✓ Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Við þessa vinnu voru punktarnir hér að ofan hafðir að leiðarljósi og er það von okkar að þessi skýrsla verði liður í því að festa það sem vel er gert og bæta það sem miður fer. Skólinn getur vel við unað en alltaf má gera betur og gera gott starf enn betra. Fram koma þættir þar sem hægt er að gera enn betur og koma þeir fram í umbótaáætluninni.

Heimildir

Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2012). *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Björk Ólafsdóttir. (Án ártals). *Innra mat grunnskóla.* Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Björk Ólafsdóttir. (2010). *Skólastefna sveitarfélaga – Handbók.* (2010). Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hanna Hjartardóttir og Unnar Þór Böðvarsson. (2015). *Ytra mat grunnskóla - Grunnskóli Snæfellsbæjar.* Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Leiðbeiningar um sjálfsmat skóla.* Reykjavík: Íslenska matsfræðifélagið.

Steinunn Helga Lárusdóttir (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Fylgiskjal 1: Viðmið um gæði í skólastarfi

Gagnaöflun

1. Nám og kennsla:

1.1 Inntak, árangur og framfarir
1.2 Skipulag náms og námsumhverfi
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu
1.4 Námshættir og námsvitund
1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda
1.6 Skóli án aðgreiningar

2. Mannauður:

2.1 Fagmennska starfsfólks
2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

3. Stjórnun og skipulag:

3.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
3.2 Stjórnun skólans
3.3 Faglegt samstarf
3.4 Skólaþróun og starfsþróun
3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

4. Skólabragur:

4.1 Viðmót og menning
4.2 Velferð og líðan nemenda
4.3 Samstarf heimila og skóla

5. Innra mat

5.1 Framkvæmd innra mats
5.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats

Fylgiskjal 2: Langtímaáætlun um innra mat

Viðfangsefni	2017-2018	2018-2019	2019-2020
1. Nám og kennsla:			
1.1 Inntak, árangur og framfarir	x	x	x
1.2 Skipulag náms og námsumhverfi	x	x	x
1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu	x	x	x
1.4 Námshættir og námsvitund	x		
1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda			x
1.6 Skóli án aðgreiningar		x	
2. Mannauður:			
2.1 Fagmennska starfsfólks		x	
2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað	x		x
3. Stjórnun og skipulag:			
3.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi			x
3.2 Stjórnun skólans		x	x
3.3 Faglegt samstarf	x		
3.4 Skólaþróun og starfsþróun		x	
3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x
4. Skólabragur:			
4.1 Viðmót og menning	x	x	x
4.2 Velferð og líðan nemenda	x	x	x
4.3 Samstarf heimila og skóla		x	
5. Innra mat			
5.1 Framkvæmd innra mats	x		x
5.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats	x		x